

Staður: _____ dags.: ____/____ 201____

Viðtakandi: _____

Heimilisfang: _____

Efni: Krafa um endurgreiðslu lánskostnaðar

Ég undirritaður/undirrituð _____ kt. _____ - _____
geri kröfu um endurgreiðslu ofgreiddra afborgana af neytendaláni nr. _____.

Þar sem undirritaður/undirrituð er venjulegur neytandi án sérfræðiþekkingar og grandlaus um ólögmati skilmála í framangreindum samningi, hlýtur það að standa lánveitanda sem er sérfrótt fjármálafyrirtæki nær að sjá til þess að framkvæmd samninga sinna við viðskiptavini sé í lögmætu horfi, þ.m.t. að útreikningar og eftir atvikum endurútreikningar séu réttir og innheimta afborgana lögum samkvæmt.

Gerð er krafa um að lánveitandi framkvæmi slíkan útreikning sem fyrst, ekki aðeins á grundvelli dómafordæma heldur einkum og sér í lagi með hliðsjón af lögum um neytendalán nr. 121/1994, lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, ákvæðum samningalaga um neytendarétt, laga um fjármálafyrirtæki einkum er varðar góða viðskiptahætti, vaxtalögum, og öðrum gildandi lögum eftir því sem kann að eiga við um málsatvik.

Jafnframt er gerð krafa um endurgreiðslu þess hluta hvernar afborgunar sem hefur verið innheimtur fram að móttöku þessa bréfs og greiddur umfram það sem heimilt var á hverjum tíma samkvæmt réttmætum endurútreikningi, ásamt vöxtum frá afborgunardegi af fjárhæðum sem nema ofgreiðslu hverju sinni eftir atvikum, fram að móttöku bréfs þessa samkvæmt 5. mgr. sbr. 1. mgr. 18. gr. sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, auk áfallandi dráttarvaxta frá og með móttöku bréfs þessa.

Loks er gerð krafa um að komi í ljós við endurútreikning samkvæmt framangreindu að í einhverjum tilvikum hafi réttmæt afborgun í raun verið vangreidd á gjalddaga að hluta eða öllu leyti í eitt skipti eða fleiri, verði inneign skuldara hjá lánveitanda vegna ofgreiðslu samkvæmt framangreindri endurkröfu þá ráðstafað til skuldajöfnunar á móti þeim fjárhæðum sem kunni að hafa vantað upp á fullar efndir á hverjum gjalddaga, miðað þá forsendu að útreikningi hefði frá upphafi verið hagað með lögmætum hætti. Þannig veitir undirritaður/undirrituð heimild til skuldajöfnunar endurkröfu sinnar að hluta eða öllu leyti eftir því sem við á til þess að sem flestir gjalddagar afborgana geti með slíkum útreikningi talist hafa verið í fullum efndum lögum samkvæmt af hálfu beggja samningsaðila, að svo miklu leyti sem nokkur kostur er þannig að jafna megi eftirstöðvar á báða bóga. Enda hafi neytanda verið heimilt að halda eftir greiðslum sínum að hluta eða öllu leyti vegna vanefnda lánveitanda, neytanda að refsilausu sbr. 7. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, í ljósi ógildingarákvæða samningalaga um óréttmæta skilmála o.fl.

Athygli er vakin á því að hafi viðtakandi ekki orðið við framangreindum kröfum innan 30 daga frá móttöku bréfs þessa, má búast við frekari innheimtuaðgerðum og auknum kostnaði vegna þeirra auk dráttarvaxta.

Virðingarfyllst,

Undirskrift: _____